



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við opnun sýningar
á verkum Louisu Matthíasdóttur
Kjarvalsstöðum
30. apríl 2017**

Góðir gestir,
kæru listunnendur

„Íslenzk listakona fær góða dóma í New York. Louisa Matthíasdóttir (Einarssonar lækni) hélt málverkasýningu í Tanager Gallery í New York dagana 2. til 22. maí síðastliðinn. Þess er að vænta að fyrimenn íslenskra listmála sjái sóma sinn í því að fá eitthvað af verkum Louisu hingað heim og gefa Íslendingum kost á að kynnst þessari sérkennilegu listakonu, sem er mjög ósýnt um að trana sér fram að hætti sumra þeirra sem minna hafa sér til ágætis.“

Þessi orð gat að líta í Morgunblaðinu 9. september 1958. Sjálf sagði Louisa eitt sinn: „Fólk sagði að ég væri skrytín, öðruvísi en annað fólk. Ég var einu sinni á skipi og það var önnur stelpa í káetunni með mér. Og jómfurúin á skipinu sagði við hana um mig: „Hún er svolítið svona öðruvísi en annað fólk eins og til dæmis þú.““

Við skulum bara þakka fyrir það. Við minnumst þess nú að öld er liðin frá fæðingu Louisu Matthíasdóttur; hún var fædd 20. febrúar 1917. Ég rek ekki sögu hennar og feril hér, það geta aðrir gert mun betur. Leyfið mér þó að nefna aðra frásögn blaðanna hér heima. Í frétt frá 1979 segir að Louisa sé ótvírætt þekktust íslenskra myndlistarkvenna um þær mundir og í bókinni góðu um hana, sem kom út tveimur áratugum síðar, árið 1999, kemst Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, svo að orði um Louisu Matthíasdóttur: „Hún flutti með sér birtuna að heima, útlínur jöklanna og bláma fjarlægðanna. ... Í kröfuhörðum heimi listanna varpar hún ljóma á ættjörð sína og uppruna.“

Louisa lést árið 2000. Ég hitti hana aldrei en geri enn að mínum orð Vigdísar sem sagði í ávarpi sínu: „Í hvert sinn sem ég hitti Louisu Matthíasdóttur finnst mér sem ég sé komin til veislu. Hún stendur þarna hljóðlát og orðfá, en í kyrru fasi hennar felst sú sérstaka gjöf að myndir hennar spretta fram í hugann og taka að renna þar hjá í minninu hver af annarri.“

Hér á Kjarvalsstöðum getum við nú notið mynda Louisu – og það er vel við hæfi að sýningin sé kennd við Kyrrð. Það er kyrrð yfir verkum Louisu, það er kyrrð sem við þurfum í ys og þys samtímans. Þegar hann er frá lifir kyrrðin, og listin.

Með þessum orðum set ég þessa fallegu sýningu um list Louisu Matthíasdóttur.